



F.v. 1. sæti Anna Sigríður Erlendsdóttir (Geysir), 2. sæti Talía Häsler (Ljúfur), 3. sæti Ólavía Ósk Gunnarsdóttir (Sleipnir), 4. sæti Karólína Ævarr Skúladóttir (Sleipnir), 5. sæti Helgi Björn Guðjónsson (Geysir) og 6. sæti Júlía Mjöll Högnadóttir (Sleipnir).

## Hrafnar, Anna og Hulda efst eftir fyrstu mót Æsku Suðurlands

Fyrsta mót í mótariðinni Æska Suðurlands fór fram sunnudaginn 29. mars í Rangárhöllinni á Hellu þar sem keppt var í þriggungi barna, fjórgangi unglunga og ungmenna og smala í öllum flokkum. Um 50 skráningar bárust og var stemningin góð allan daginn. Æska Suðurlands er samstarfsverkefni hestamannafélaganna Geysis,

Jökuls, Sleipnis, Ljúfs og Háfeta, þar sem keppt er til stiga yfir mótariðina og besti árangur í þremur af sex greinum gildir til lokastiga.

Eftir fyrstu tvær greinarnar er Hrafnar Freyr Leósson úr Fáki efstur í barnaflokkum með 20 stig. Katla Dís Hannesdóttir úr Geysi er í öðru sæti með 15 stig og Viktoría Huld Hannesdóttir,

einnig úr Geysi, er í þriðja sæti með 13 stig.

Í unglingaflokkum leiðir Anna Sigríður Erlendsdóttir úr Geysi með 24 stig. Talía Häsler úr Ljúfi er í öðru sæti með 17 stig og Helgi Björn Guðjónsson úr Geysi í þriðja sæti með 16 stig.

Í ungmennaflokkum er Hulda Vaka Gísladóttir úr Háfeta efst með 20 stig. Heiðdís Fjóla

T. Jónsdóttir og Vigdís Anna Hjaltadóttir, báðar úr Sleipni, deila öðru og þriðja sæti með 12 stig hvor.

Næsta mót í röðinni verður haldið 19. apríl í Ölfusi í aðstöðu Eldhesta, þar sem keppt verður í fleiri greinum auk þess sem pollaflokkur verður á dag-skrá.



4

„Ég held ég og Laufey gætum gert flotta hluti saman!“



4

Rjómalagað kjúklingapasta með sólpurrkuðum tómötum

## Milljónir til loftslagsvænna lausna í landbúnaði – Verkefni á Suðurlandi meðal styrkþega



Mynd: Loftlags- og orkusjóður.

Loftlags- og orkusjóður hefur úthlutað 80 milljónum króna til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði, en alls hljóta 42 verkefni styrk í nýrri úthlutun. Fjöldi verkefna á Suðurlandi er meðal styrkþega og snúa þau að bættari nýtingu áburðar og minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Styrkirnir eru ætlaðir til fjárfestinga í tækjum sem gera bændum kleift að nýta áburð

betur, meðal annars með GPS-stýrðum áburðardreifurum og búnaði sem kemur áburði beint í jarðveg. Slíkar aðferðir geta bæði lækkað kostnað bænda og dregið úr umhverfisáhrifum.

Á Suðurlandi fengu meðal annars styrk verkefni á borð við Búnaðarfélag Gnúpverja, Búnaðarfélag Mýrdalshrepps og Rjómalagað Raufarfell, auk fleiri bænda og fyrirtækja sem fjárfesta í nýrri tækni.

Alls bárust 83 umsóknir í átakið og var sótt um rúmlega 280 milljónir króna. Það sýnir mikinn áhuga bænda á að taka upp loftslagsvænna lausnir og bæta rekstur sinn með nýrri tækni.

Samkvæmt áætlunum munu verkefni sem hlutu styrk draga úr losun um rúmlega 1.000 tonn af koldíoxíðgildum á ári, sem jafngildir losun um 500 bensín- og dísilbíla.

# Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## NÝR TOYOTA URBAN CRUISER

FORSALA ER HAFIN



Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000

**Toyota**  
Selfossi



**ADALSKOÐUN**  
Eyravegur 51, 800 Selfoss  
Sími 590-6996

Ekki giska hvað er að,  
komdu frekar í skoðun



Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

**SÚPERLAGNIR**

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI  
Símon Pípari sími:664-8892 eða senda verkbeiðni á [superlagnir@superlagnir.is](mailto:superlagnir@superlagnir.is)



Sími 482 1944  
[selfoss@prentmetoddi.is](mailto:selfoss@prentmetoddi.is)  
[www.prentmetoddi.is](http://www.prentmetoddi.is)

## Kríutangi óskar eftir smíð í vinnu.

Við leitum eftir duglegum og áreiðanlegum einstaklingi til starfa við smíðavinnu.

Kríutangi er alhliða byggingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í mótauppslætti, allri almennri smíðavinnu, jafnt nýsmíði og viðhaldi sem og uppsetningu á fjarskiptamöstrum. Höfum yfir að ráða öflugum tækjafloata.

Starfsstöð Kríutanga er á Selfossi.

Við leitum að einstaklingi sem er stundvís og samviskusamur. Reynsla í mótauppslætti er kostur. Íslensku kunnátta skilyrði.

Um er að ræða framtíðarstarf fyrir réttan aðila.

Umsókn og /eða fyrirspurn má senda á [kriutangi@kriutangi.is](mailto:kriutangi@kriutangi.is) eða Stefán 893-4933.

## „Gervigreind er komin til að vera“ – Grímsnes- og Grafningshreppur fær öruggan „Liðsauka“ í stjórnsýsluna

Starfsfólk SASS sótti nýverið Stafræna ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldin var í Grósku. Á dagskránni voru mörg fróðleg erindi, þar á meðal frá KOMBIT í Danmörku. KOMBIT er samstarfsvettvangur í eigu danskra sveitarfélaga sem sérhæfir sig í upplýsingatækni og stafrænni þróun. Hlutverk þeirra er að kaupa inn, reka og þróa nútímalagar upplýsingatæknilausnir sem nýtast sveitarfélögum á landsvísi í Danmörku, allt frá þjónustu við viðkvæma hópa yfir í stafræna innviði fyrir atvinnulífið.

Brautryðjendastarf í Grímsnes- og Grafningshreppi

Einn af hápunktum ráðstefnunnar var fyrirlestur Fjólu Steindóru Kristinsdóttur, sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps, sem bar heitið „Nýting gervigreindar í stjórnsýslu sveitarfélaga“. Grímsnes- og Grafningshreppur hefur markað sér sérstöðu með því að taka snemma ákvörðun um að skoða möguleika gervigreindar til að efla þjónustu og styðja við ákvarðanatöku.

Innleiðingin hjá sveitarfélaginu hófst á vandaðri stefnumótun þar sem lögð var áhersla á ábyrga og örugga notkun, gagnavernd og skýrar reglur



fyrir starfsfólk. Sveitarfélagið mótaði gervigreindarstefnu með það að markmiði að auka skilvirkni í rekstri og gæði þjónustu á sama tíma og fyllsta öryggis er gætt í meðferð gagna. Liður í þessari vegferð var að taka upp lokaða og örugga gervigreindarlausn, „Liðsaukann“, í samstarfi við tæknifyrirtækið APRÓ. Ólíkt opnum lausnum (s.s. ChatGPT, Copilot og Gemini) er „Liðsaukinn“ hýstur í öruggu skýjaumhverfi innan Evrópu og uppfyllir kröfur GDPR, sem gerir hann viðurkenndan til vinnslu á trúnaðargögnum sveitarfélagsins, þar á meðal persónuupplýsingum og fjárhagsupplýsingum.

Í daglegu starfi er tæknin nýtt sem verkfæri til að styðja við starfsfólk frekar en að leysa það

af hólmi. Hún nýtist til dæmis við að gera samantektir úr skjölum, leita í fundargerðum, greina gögn og aðstoða við gerð minnisblaða og bréfa.

Samvinna til framtíðar

Að lokum lagði Fjóla áherslu á að sveitarfélög ættu að vinna saman og deila ferlum og reynslu við innleiðingu gervigreindarlausna. Með samvinnu mætti spara tíma og fjármuni í stafrænni vegferð sem miðar að því sama: skilvirkari þjónustu, auknu öryggi og meiri hagkvæmni fyrir íbúa. Starfsfólk SASS fer reynslunni ríkara af ráðstefnunni og með dýrmæt dæmi um hvernig megi efla stafræna þróun og samvinnu á Suðurlandi í nánú samstarfi við okkar aðildarsveitarfélög.



## Ópera í fyrsta sinn á Sviðinu

Óperusöngvarinn Ari Ólafsson heldur tónleika á Sviðinu í miðbæ Selfoss í apríl. Um er að ræða tímamót fyrir staðinn, en þetta verður í fyrsta skipti sem ópera er flutt á Sviðinu.

Ari starfar um þessar mundir í London við uppfærslu The Phantom of the Opera, þar sem hann fer með hlutverk The Phantom og Raoul. Hann mun þó koma til Íslands í apríl og nýta tækifærið til að koma fram á Selfossi.

„Mér líst mjög vel á að koma á Sviðið. Ég hef heyrt að þar sé virkilega góður hljómburður og hlakka ég mikið til að syngja fyrir gesti,“ segir Ari. Á tónleikunum mun Ari flytja aríur og sígild söngleikjalög.

Viðburðurinn er liður í því að auka fjölbreytni í menningarlífi miðbæjar Selfoss og bjóða upp á nýja tegund tónlistar á Sviðinu og það í samstarfi við verslunina Motivo í miðbæ Selfoss.

Þar sem Motivo Verzlun býður á tónleikana er áhugasömum bent á að koma í verslunina til að skrá sig fyrir fríum miða þann 9. apríl.



# Samfélag og lýðræði – hafðu þitt að segja um hverjir stjórna



**Brynjar Þór Elvarsson**  
3. sæti á lista Samfylkingarinnar og Óháðri í Árborg.

KOSNINGAR 2026

Nú í aðdraganda sveitarstjórnakosninga þegar flestir flokkar eru að kynna sína lista er mér umhugað um lýðræðið og þátttöku íbúa í kosningum. Eg er að bjóða mig fram í fyrsta skipti en hef haft mikinn áhuga á pólitík og kosningum frá unga aldri. Tekið þátt í lýðræðinu öll þau skipti sem ég hef fengið tækifæri til, því mér hefur fundist það mín skylda sem þátttakandi í samfélagi að segja mína skoðun og velja fulltrúa til að vinna fyrir samfélagið fram að næstu kosningum.

Í seinustu kosningum var kjörsókn í Sveitarfélaginu Árborg 63,81%. Það þýðir að tæplega 2/3 íbúa sveitarfélagsins með kosningarétt höfðu áhrif á

níðurstöðu kosninganna. Í þeim kosningum hlaut einn flokkur 46,43% atkvæða, og vegna skiptingu annarra atkvæða, hlaut sá flokkur 6 fulltrúa og þar með hreinan meirihluta í bæjarstjórn. Því hefur núverandi meirihluti stuðning aðeins um 29% kosningabærra íbúa sveitarfélagsins.

## Það skiptir máli hverjir stjórna

Í Sveitarfélaginu Árborg birta flokkarnir framboðslista sína einn af öðrum og mikið af framboðslista fólki er að gefa kost á sér. Þó svo að ég geti ekki talað fyrir alla þessa framboðendur þá er það samfélagið sem við brennum fyrir og vegna þess viljum við gefa kost á okkur til að starfa fyrir samfélagið okkar næstu 4 árin.

Að því tilefni langar mig að skora á alla framboðendur að taka höndum saman og reyna að fá sem flesta til að taka þátt og kjósa í kosningunum þann 16. maí næstkomandi. Jafnframt að

skora á íbúa Sveitarfélagsins Árborgar að kynna sér framboðin, málefnið sem þau standa fyrir og taka þátt í kosningunum.

Það er hagur okkar allra að kjörsókn aukist, fleiri taka þátt í lýðræðinu og kjörnir fulltrúar hafa sterkara umboð frá samfélaginu til góðra verka. Það skiptir máli hverjir stjórna og að þar ráði almannahagsmunir för en ekki sérhagsmunir sterkra bakhjarla einstakra framboða. Framboð Samfylkingarinnar og Óháðra er skipað fjölbreyttum hópi fólks sem kemur víða að úr samfélaginu og úr öllum kjörnum sveitarfélagsins.

Samfylkingin og Óháðir munu á næstu vikum kynna stefnumál sín og fyrsta skrefið var að senda könnun til íbúa þar sem við förum þess á leit við ykkur að gefa okkur vísbendingar um hvað brennur á ykkur. Við erum í framboði til þess að létta þér lífið því að saman erum við sterkari.



**HARPA**  
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir  
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir  
821 2045

## Móttaka framboða hjá Sveitarfélaginu Ölfusi



Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara laugardaginn 16. maí 2026 rennur út föstudaginn 10. apríl nk. klukkan 12:00. Kosid verður til bæjarstjórnar í Sveitarfélaginu Ölfusi. Framboðslistar skulu hafa borist yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss áður en framboðsfrestur rennur út sbr. ofangreindan tíma.

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss mun taka á móti framboðum í fundarsal á bæjarskrifstofu Ölfuss (2.hæð), Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn föstudaginn 10. apríl 2026 frá kl.11:00-12:00.

Á framboðslista skulu vera að lágmarki 7 nöfn framboðenda og eigi fleiri en 14. Framboðslista skal fylgja yfirlýsing þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Gæta skal þess að tilgreina með skýrum hætti fullt nafn framboðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og lögheimili, til þess að enginn vafi leiki á því hver er í kjöri.

Í tilkynningu um framboð þurfa að koma fram upplýsingar um heiti stjórnmalasamtaka og listabókstaf þeirra. Hyggist stjórnmalasamtök, sem ekki hafa skráðan listabókstaf samkvæmt auglýsingu um listabókstafi stjórnmalasamtaka nr. 54/2025 í B-deild Stjórnartíðinda, bjóða fram lista skulu þau um leið og framboðslista er skilað til yfirkjörstjórnar leggja þar fram beiðni um úthlutun listabókstafs og staðfestingu á heiti framboðs.

Með hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg tilkynning frá framboðendum listans um það hverjir eru umboðsmenn listans. Upplýsingar um nafn, fæðingardag, netfang og símanúmer umboðsmanns skulu fylgja tilkynningunni ásamt skriflegu samþykki hans. Samþykkið getur verið undirritað eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

Framboðslistum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í sveitarfélaginu, 40 meðmælenda hið fæsta og eigi fleiri en 80. Rafræn söfnun meðmæla fer fram á www.island.is Hver kjósendi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Greina skal nafn, kennitölu og lögheimili meðmælenda. Heimilt er að safna meðmælum á pappír en þá er mælt til þess að framboð slái meðmælin inn í rafræna meðmælakerfið. Skila þarf inn frumriti til yfirkjörstjórnar sveitarfélagsins. Framboðendur geta ekki verið meðmælendur eigin framboðs. Kjörstjórnarmenn í landskjörstjórn, yfirkjörstjórnnum og umdæmiskjörstjórnnum geta ekki vera meðmælendur framboðs.

Þorlákshöfn 31.mars 2026

Yfirkjörstjórnin í Sveitarfélaginu Ölfusi  
Sigurður Ósmann Jónsson  
Katrín Ósk Hannesdóttir  
Ásta Margrét Grétars Bjarnadóttir

## Samfella í verki

### - Framtíðarsýn Okkar Hveragerðis

Þann 28. mars sl., á 8 ára afmælisdegi bæjarmálaráðsins Okkar Hveragerðis, kynntum við með stolti framboðslista Okkar Hveragerðis fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar. Það eru mikil gleðitíðindi að staðfesta að Pétur G. Markan er bæjarstjóraefni listans. Með því því viljum við tryggja áframhaldandi fagmennsku og samvinnu um þau mikilvægu verkefni sem hann hefur leitt í samstarfi við kjörna fulltrúa í þágu allra bæjarbúa.

Stjórnun bæjarfélags er liðsvinna. Á síðustu árum höfum við náð árangri sem sést og finnst í daglegu lífi bæjarbúa. Með öguðum rekstri og markvissri fjölgun tekjustofna var neikvæðum 356 milljóna króna rekstri A og B hluta frá árinu 2021 snúið í 168 milljóna króna hagnað árið 2024.

Þessi 524 milljóna króna viðsnúningur byggir á hugrakkri sókn þar sem vöxtur bæjarins hefur verið nýttur til að styrkja sameiginlega sjóði, m.a. með stórum samningum eins og um uppbyggingu á Árhólmasvæðinu. Sú fjárfesting mun skila bænum hátt í milljarði króna. Með því að stækka tekjuginninn án þess að íþyngja íbúum hefur skapast svigrúm fyrir umfangsmikla bætingu á þjónustu við bæjarbúa á öllum aldri:

**Fjölskyldan í fyrirrúmi:** Öllum börnum frá 12 mánaða aldri hefur verið tryggt leikskólaláss, leikskólalagjöld lækkuð um 70%, gjaldfrjálssar skólumáltíðir innleiddar og frístundastyrkurinn tvöfaldaður.

**Framkvæmdir:** Nýjar við-



byggingar við Óskaland og grunnskólann hafa verið teknar í notkun, nýr gervigrasvöllur opnar nú á vormánuðum og nýtt íþróttahús ris af krafti ásamt því að gatnagerð mikilvægra stofnbrauta og nýrra hverfa er í fullum gangi.

**Virðing fyrir eldri kynslóðinni:** Ný og öflug stefna hefur verið sett í málefnum eldri borgara og með verkefni „Gott að eldast“ og nýjum þjónustusamningum hefur aðstaða og öryggi eldri borgara styrkst til muna. Jafnframt hefur verið stofnaður undirbúningshópur sem mun skila forsendum fyrir glæsillegum nýjum þjónustukjörnum til eflingar þjónustu við eldri íbúa.

Þetta er aðeins hluti þeim fjölmörgu verkefnum sem unnið hafa á kjörtímabilinu. Á okkarhveragerdi.is má finna nánari upplýsingar um margvísleg verkefni kjörtímabilsins og framtíðarstefnu okkar fyrir Hveragerðisbæ.

Það eru spennandi tímar í Hveragerði, bæjarfélagi í örurum vexti. Stærsta áskorunin fram-

undan er að tryggja að innviðirnir haldi í við fjölgun íbúa án þess að förna skynsamlegum rekstri. Þá skiptir dýrmæt reynsla og fagmennska kjörinna fulltrúa miklu máli sem og áframhaldandi samvinna við bæjarstjórn Pétur G. Markan. Við ætlum að halda áfram að sækja þau tækifæri sem við búum að hér í Hveragerði og verja hagsmuni bæjarins af festu - hvort sem það er gagnvart virkjanaáformum í Ölfusdal eða í þrýstingi á ríkið vegna samgöngumála og hjúkr-unarrýma.

Við bjóðum fram krafta okkar til að halda vegferðinni áfram. Við ætlum að halda áfram að byggja á öflugum grunni, klára mikilvæg verkefni og sækja ný tækifæri af krafti. Gerum þetta saman fyrir Hveragerði!

Lárus Jónsson  
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir  
Jónas Guðnason  
Sandra Lind Brynjarsdóttir

Framboðendur í 1.-4. sæti  
Okkar Hveragerðis

# Söra Mjöll valin bjartasta vonin „Ég held ég og Laufey gætum gert flotta hluti saman!“

Tónlistarkonan Sara Mjöll Magnúsdóttir hlaut í síðasta mánuði útnefnd bjartasta vonin í íslenskrri tónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Sara er Hammond-orgelleikari, píanóleikari og tónskáld frá Hellu. Hún hefur starfað við tónlist frá tvítugsaldri og byggt upp feril bæði á Íslandi og erlendis, en hún býr nú í New York og hefur verið búsett í Bandaríkjunum síðustu 6 árin. Sara spilar aðallega djass en sækir einnig innblástur í popp, hiphop og R&B.

### Upphaf ferils

Sara Mjöll hefur frá ungum aldri haft áhuga á tónlist. „Ég var mjög ung, ég man ekki eftir mér öðruvísi. Ég hlustaði á alls konar tónlist heima og fannst ótrúlega gaman að sjá lifandi tónlist á tónleikum, sérstaklega djass og blús,“ segir hún.

Ferill Söru í tónlist tók á sig mynd á menntaskólaárunum þegar hún stundaði jazzpíanónám við Tónlistarskóla FÍH. „Þá byrjaði ég smám saman að spila gígg hér og þar um Reykjavík,“ segir hún. Fyrsta borgaða giggið hennar Söru var á kaffihúsinu 10 dropum, sem hún lýsir sem besta kaffihúsi borgarinnar á þeim tíma. Eftir það var ekki aftur snúið og hefur hún síðan þá komið fram á fjölmörgum tónleikum og hátíðum, þar á meðal Múlanum í Hörpu á síðasta ári og Jazzhátíð Reykjavíkur.

### Lagið Heima

Sara var tilnefnd fyrir björtustu vonina í íslenskrri tónlist og



einnig fékk lagið *Heima* eftir Söru tilnefningu sem lag ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum. Lagið *Heima* er af plötunni *A place to bloom* sem Sara gaf út í fyrra.

„Lagið *Heima* er um að líða eins og maður eigi heima á mörgum stöðum, eftir að hafa átt heima erlendis lengi. Að vera eiginlega alltaf með heimþrá hvar sem maður er. Það er ljúfsár tilfinning en það eru forréttindi að upplifa sig heima á mörgum stöðum.“

Framundan eru spennandi verkefni. Hún kemur til Íslands í lok apríl þar sem hún mun koma fram á Hammond-hátíðinni ásamt Elínu Hall. „Þetta er í fyrsta sinn sem við spilum

saman og ég er mjög spennt,“ segir Sara.

Sara stefnir einnig á að gefa út stórsveitarplötu með verkum eftir sig sjálfa. Markmið hennar eru einnig að fara á túr í Evrópu og Japan og gefa út aðra kvartertplötu.

*Ef þú gætir unnið með hvaða listamanni sem er, hver væri það?*

„Ég held ég og Laufey gætum gert flotta hluti saman!“

Að lokum vill Sara hvetja fólk til að elta drauma sína.

„Ég vil bara hvetja fólk til að elta það sem veitir þeim gleði og síður það sem það heldur að það „eigi“ að gera,“ segir hún. „Ég er alltaf að minna mig á það sjálf,“ bætir hún við að lokum.



## Sunnlenski matgæðingurinn



Gervigreindarmynd

### Rjómalagað kjúklingapasta með sólpurrkuðum tómötum

*Eydis Lilja Einarsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.*

Ég vil þakka fyrir áskorunina og heiðurinn að vera valin sem matgæðingur vikunnar!

Ég ætla að sýna ykkur einfalt og mjög gómsætt rjómalagað kjúklingapasta með sólpurrkuðum tómötum sem hefur slegið í gegn í hvert sinn sem ég hef eldað það.

Uppskriftin er afar sveigjanleg og mikið mælt með hjartanu. Hægt er að bæta við öðrum hráefnum, t.d. grænmeti eftir smekk.

#### Hráefni:

- 4 kjúklingabringur
- ¼ laukur
- 2-3 hvítlauksrif
- Hvítlaukskrydd, paprika, chilli flögur, salt og pipar
- Tagliatelle pasta
- Ca. 300 ml rjómi
- 2-3 msk. af rjómaosti
- 1 krukka af sólpurrkuðum tómötum
- Parmesan
- Mozzarella-perlur

Ég ætla að tilnefna móður mína, hana Rakeli Magnúsdóttur sem næsta matgæðing vikunnar.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

## DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).  
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).  
Bláamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, [saebjorg@dfs.is](mailto:saebjorg@dfs.is).  
Auglýsingaeild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

ISSN 1670-407X

## Gáta vikunnar

Tungan sem nú talar þú, trítlar inn að pissa. Kúna mjólka máttu nú, mæla upp og rissa.



Svar við gátu í blaði 2846: HÓLAR  
1. Hólar í Hjaltadal - 2. Hólarnir í Vatnsdalnum  
3. Álfahólar - 4. Bókautgáfan Hólar

## DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

### Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is)



## Forvarnir eru fjárfesting – ekki sparnaður

Ég hef setið í bæjarstjórn Árborgar síðastliðin fjögur ár og starfa jafnframt sem verk-efnastjóri frístundaþjónustu og forvarnarfulltrúi. Í þessum hlutverkum hef ég séð vel hversu miklu máli skiptir að grípa snemma inn og byggja upp sterkt samfélag fyrir börn og ungmenni.

Á síðustu árum hafa verið teknar ákvarðanir í rekstri sveitarfélagsins sem hafa haft áhrif á forvarnarstarf. Ég tel mikilvægt að staldra þar við og spyrja: erum við að horfa nægilega langt fram á veginn?

Reynslan segir okkur að þegar dregið er úr forvörnum erum við í raun ekki að spara. Við erum að færa kostnaðinn til framtíðar. Það á sérstaklega við þegar kemur að börnum og ungmennum, þar sem snemmtæk íhlutun getur skipt sköpum.

Rannsóknir hafa sýnt að markvisst forvarnarstarf, í samstarfi við skóla, foreldra og íþrótt- og æskulýðsstarf, skilar árangri. Í mínu daglega starfi sé ég þetta mjög skýrt. Ég hef séð barn sem átti erfitt með að fóta sig finna sig loksins í frístundastarfi og blómstra. Ég hef séð ungmenni fá stuðning á réttum

tíma og ná að snúa við erfiðum aðstæðum. En ég hef líka séð hvað gerist þegar þessi tækifæri eru ekki til staðar.

Í þessu samhengi skiptir líka máli að horfa til þeirra sem standa í fremstu línu. Í skólum, frístundastarfi og velferðarþjónustu starfar öflugt og faglegt fólk sem sinnir krefjandi og mikilvægu hlutverki á hverjum degi. Til að við náum þeim árangri sem við viljum, þurfum við að skapa aðstæður sem gera þessu fólk kleift að sinna starfi sínu af þeirri fagmennsku og alúð sem það býr yfir. Þegar vel er hlúð að þessum grunnstöðum samfélagsins skilar það sér beint í betri þjónustu og sterkari samfélagi.

Þegar við náum til barna snemma og tryggjum þeim aðgengi að uppbyggilegu starfi erum við að leggja grunn að heilbrigðu samfélagi. Forgangsröðunin skiptir þar öllu máli. Þegar þrengt er að þessum þáttum, jafnvel í litlum skrefum, finnur fólk það strax í daglegu lífi. Foreldrar þurfa að hafa meira fyrir því að finna úrræði, börn missa af tækifærum og samfélagið veikist smám saman. Við þurfum að styrkja for-



Elly Tómasdóttir

2. sæti á lista Framsóknar í Árborg

KOSNINGAR 2026



varnarstarf og tryggja að það sé ekki fyrsta sem verður fyrir niðurskurði. Við þurfum að efla íþrótt- og æskulýðsstarf sem nær til allra barna, óháð aðstæðum. Við þurfum að hlusta betur á þau sem standa næst börnunum – foreldra, starfsfólk og börnin sjálf og að lokum þurfum við að horfa á velferð barna og ungmenna sem fjárfestingu í framtíð samfélagsins.

Fyrir mér snýst þetta ekki bara um stefnumótun eða rekstur. Þetta snýst um það hvernig samfélag við viljum vera. Samfélag þar sem hvert barn fær tækifæri til að blómstra. Samfélag þar sem við grípum þau sem þurfa á því að halda, áður en vandinn verður stærri. Samfélag þar sem gott er að búa. Þannig á Árborg að vera fyrir alla íbúa.

## Tækifæri sem kemur kannski aldrei aftur!



Heimir Karlsson

7. sæti Ö – lista Betri sveitar í Grímsnes- og Grafningshreppi

KOSNINGAR 2026

fram til forystu eiga að vera þar fyrir fólk.

Mín reynsla segir mér að alltof margir stjórnálmenn eigi það til að gleyma því fyrir hverja þeir starfa, sérstaklega þegar þeir komast til valda. Þeir gleyma því hvaðan valdið kemur — það kemur frá fólkinu.

Það er ekki gott að búa í sveitarfélagi þar sem þetta blasir svona við. Það er einfaldlega vont. Það er vont að búa í sveitarfélagi þar sem meirihlutinn virðist hafa lítinn sem engan áhuga á að eiga raunverulegt samtal við íbúa, hlusta á sjónarmið þeirra eða taka mark á óskum þeirra.

Það er löngu tímabært að þeir sem setjast í valdastóla í umboði fólksins geri sér grein fyrir því að þeir komast ekki lengur upp með innantóm loforð í kosningabaráttu. Sá tími á að vera liðinn.

Tími geðþottaákvæðana þeirra sem sitja í valdastólum ætti líka að vera löngu liðin.

Við getum byrjað hér, í okkar falllega sveitarfélagi, Grímsnes-

og Grafningshreppi, og sýnt í verki hvað það þýðir að stjórna fyrir fólk. Ad hér sé unnið af heilindum, gagnsæi og sveigjanleika, með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Auðvitað verður aldrei hægt að uppfylla óskir allra, en það er alltaf hægt að sýna fólki virðingu með því að hlusta, reyna og vinna af heidarleika.

Grímsnes- og Grafningshreppur er í dauðafæri til að verða fyrirmyndarsveitarfélag. Sveitarfélag þar sem stjórnað er af ábyrgð, með fólk í forgrunni. Ef við förum þá leið getum við skapað samfélag sem verður enn eftirsóknarverðara að búa í, bæði fyrir þá sem hér búa nú þegar og þá sem vilja setjast hér að.

Ö – listinn, Betri sveit fyrir okkur öll gæti verið eina raunverulega tækifærið sem íbúar sveitarfélagsins fá á næstu árum til að kjósa sanngjarnan, réttlátan og mannlegan meirihluta til að stýra GOGG.

Við megum ekki missa af þessu einstaka tækifæri.

Stjórnmalin eiga ekki fyrst og fremst að snúast um framboð, stjórnmalaflokka eða stefnuskrár þeirra. Þau eiga að snúast um almenning og óskir hans um betra og réttlátara samfélag. Kerfið á ekki að vera til fyrir stjórnmalamennina eða embættismennina. Kerfið á að vera til fyrir fólk.

Hlutverk kerfisins er að gera líf fólks einfaldara, ekki flóknara.

Kerfið á að þróast með samfélaginu, vera sveigjanlegt og laga sig að breyttum tímum.

Fólkið á ekki að þjóna kerfinu; kerfið á að þjóna fólkinu.

Og fólk á svo sannarlega ekki að vera til fyrir stjórnmalamennina. Þeir sem bjóða sig

## ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í framkvæmdaverkið: „Hreinsistöðin við Geitanes - fullnaðarfrágangur“.



Verk þetta felur í sér fullnaðarfrágang hreinsistöðvarinnar, uppsetningu vélbúnaðar og lagna ásamt helstu húskerfum. Nú þegar hefur uppsteypa átt sér stað. Þá skal koma fyrir gönguleiðum úr heitgalvaniseruðu stáli samkvæmt teikningum, setja upp vatnsþétta hurð milli þurrýmis og votrymis, setja upp lúgu og brunastiga. Að utan skal klára allan frágang útveggja, hurða og glugga. Fullnaðarfrágangur töflurýmis er innifalinn ásamt loftræsiryimi og lífsíu (e. biofilter).

### Helstu áætlaðar magntölur eru:

Útveggjajaklæðning	507 m <sup>2</sup>
Pakfrágangur	304 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 30. desember 2026.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/8ae87be4-b5a7-42e3-b6f3-0bd10acfc7e2>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendum skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn. Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11:00 miðvikudaginn 22. apríl 2026**.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnaryfirlit rafrænt.

### Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar



#### Messa og aðalsafnaðarfundar Mosfellssóknar

Sunnudaginn 26. apríl kl. 14 í Stóruborgarkirkju.

Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar fyrir altari og prédikar. Jón Bjarnason organisti leikur undir og leiðir safnaðarsöng.

Sóknarnefnd Mosfellssóknar stjórnar aðalsafnaðarfundar.

Kaffiveitingar í boði. Sóknarbörn eru hvött til að mæta og taka þátt.

## Við prentum ljósmyndir

### honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastæðunum.



Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is

SENDUM  
HVERT Á LAND  
SEM ER



## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

## OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14  
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13  
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14:-16  
Unga fólkíðMiðvikudagar kl. 11-14  
Opíð húsFimmtudagar lokað  
Viðburðir auglýstir sérstaklega á  
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13  
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði  
Karlahöpurinn Smáranir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300  
arnessysla@krabb.is  
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag  
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í  
einu, alla laugardaga.  
Nýliðafundur hefst 9:30 og  
Al-Anon fundur strax að  
honum loknum klukkan 10:00.

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum  
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.  
20:00. Fundur kl. 20:30.

## AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-  
kus. Poniedzialek i czwartek i  
sobota godzina 19:00. Hrísholt  
8 - 800 Selfoss.AA Sporgöngufólk f. alla  
BókasafnHafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## CoDA

## Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi  
1, Þorlákshöfn  
Mánudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri  
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

## AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1  
Mánudaga Kl.18 - Konur  
Fimmtudaga Kl.18 -  
Sporafundur - Konur

## ÞJÓNUSTA



## Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf  
skattskilÞjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## KIRKJUR

## Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b

Samkoma á sunnudögum

kl.11:00

English translation available.

Unglingasamkomur á fimmtu-

dögum kl. 20:00

Allir innilega velkomnir.

## Selfoskirkja

Messa sunnudaginn 12. apríl kl.  
11:00. Kirkjukórinn syngur, org-  
anisti Ester Ólafsdóttir, prestur  
Anna Eiríksdóttir.  
Stjörnukórinn - Kórskóli  
Selfoskirkju hefst 13.apríl.  
Skráning og frekari upplýsingar  
hjá Bergþóru í berg.runars@  
gmail.com

## Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 12.  
apríl. Sr. Axel Arnason Njarðvík  
þjónar fyrir altari og prédikar. Jón  
Bjarnason dómorganisti leikur á  
hljóðfæri og leiðir safnaðarsöng.  
Barnaborðið er á sínum stað.  
Innilega velkomin!

## FÉLAGSSTÖRF



## SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn  
9. apríl kl. 13:00-14:30

## OPIÐ HÚS

Fim. 9. apríl kl. 14:45

NÝTT ÖRYGGISFANGELSI  
Á LITLA-HRAUNIKaffihlaðborð kvennfélagsins  
verð 1.500 kr.

## TAPAD/FUNDIÐ

Hann Friðrik okkar fór út um miðjan  
dag föstudaginn 27.mars og hefur  
ekki komið heim síðan.Hans er afar sárt saknað. Friðrik  
er 4 ára, geldur, örmerktur en var  
ólarlaus þegar hann fór út. Hann er  
gæfur og heimakær þó að hann fari  
líka út.Við búum í Hamravík 12 í Jörvíkur-  
hverfinu á Selfossi og okkur þætti  
afar vænt um ef þið mynduð hafa  
augun opin fyrir litla kisukallinum  
okkar og kíkja inn í skúra og undir  
pallaEf þið sjáið Friðrik megið þið endi-  
lega hringja í Hildi í síma 690-9709

## HEILSA

Energy Touch  
- Nudd  
- Heildræn  
meðhöndlunYoga Nidra  
byrjar  
10. og 13. aprílRagnhildur  
Sigurðardóttir  
Sími 693 2197  
ragnhildurgagga.isCand.mag. í þróttfræðum,  
nálastungur, yoga,  
NLP-master/coach,  
heilsuuddari,  
Hugræn atferlismeðferð,  
meta medicine.

## Heilsa

Augnlestur, heilsuráðgjöf,  
svæðanudd og dáleiðsla.  
Heilsulindinni í Miðgarði.Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir  
fjölskyldur, vinnustaði og litla  
hópa í heimahúsum.Heiðar Ragnarsson  
S. 8981501

## FUNDIR

Laugard. 11. apríl  
kl 11:00 Öll velkomin

við Árborg

**VÖFFLUKAFFI**  
í sal Framsóknar, Eyravegi 15

Þátttakur þessur skilar er  
Diana Óskarsdóttir, forstjóri  
Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Ljóða- og kammertónleikar  
í SkálholtskirkjuDésirée Mori mezzósópran,  
Geirprúður Anna Guð-  
mundsdóttir sellóleikari og Þóra  
Kristín Gunnarsdóttir píanó-  
leikari flytja fjölbreytt verk sem  
tengjast hverfuleika í Skál-  
holtsdómkirkju föstudaginn 10.  
apríl kl. 17. Meðal annars er á  
dagskrá frumflutningur á nýju  
sönglagi eftir svissneska tón-  
skáldið Samuel Cook, sem var  
sérstaklega samið af þessu til-efni. Einnig verða flutt undur-  
fögur ljóð og ljóðaflokkar eftir  
Önnu Þorvaldsdóttur, Ölmu Ma-  
hler, Frank Bridge og Jake Heg-  
gie, auk hádramatískrar sönötu  
Samuels Barber fyrir selló og pí-  
anó. Aðgangur er ókeypis. Veit-  
ingastaðurinn Hvönn í Skálholti  
verður opinn frá 16:00-20:00 og  
tilvalið að njóta kvöldsins áfram  
þar eftir tónleika.

## Framhalds-aðalfundur

Kaupfélag Árnesinga boðar til framhalds-  
aðalfundar í Framsóknarhúsinu Eyravegi  
15 2.hæð, á Selfossi þriðjudaginn 21. apríl  
2026 og hefst fundurinn kl 14:00

## Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
samkv. samþykktum félagsins.

Stjórn Kaupfélags Árnesinga

48. FLÓAHLAUPIÐ  
2026Flóahlaupið verður haldið laugardaginn 11.apríl  
við Félagslund. Ræst verður kl 13.00. Keppt  
verður í 3, 5 og 10 km hlaupi. Skráning fer fram  
á hlaup.is en félagsmenn í Umf. Þjótanda sem  
greitt hafa árgjald þurfa ekki að borga þáttöku-  
gjaldið og eiga þar að leiðandi að skrá sig á  
staðnum- mæta þá tímalega.Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði fyrir  
keppendur í Félagslund eftir hlaupið. Einnig  
geta aðrir notið þess gegn vægu gjaldi. ENG-  
INN posi á staðnum.

Hvetjum við sem flesta til að taka þátt.

Stjórnin

## Afmælistónleikar - Björgvin Þ. Valdimarsson 70 ára

Laugardaginn 9. maí verða Lhaldnir tónleikar í Íþróttahúsinu Iðu á Selfossi þar sem Sinfóníuhljómsveit Suðurlands mun flytja verk Björgvins Þ. Valdimarssonar tónskálds og kórstjóra. Auk hljómsveitarinnar koma fram einsöngvararnir Dísella Lárusdóttir, Alexander Jarl Þorsteinsson og Einar Þór Guðmundsson, Karlakór Selfoss, Karlakór Rangæinga, Sönghópurinn Öðlingar, Kirkjukór Selfosskirkju, Kirkjukór Breiðabólstaðarprestakalls og Kór Odda- og Þykkvabæjar-kirkju. Gunnlaugur Bjarnason verður kynni og hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Björgvin Þ. Valdimarsson er borinn og barnfæddur Selfyssingur og þar hófst hans tónlistarferill. Hann stundaði nám við Tónlistarskóla Árnesinga og síðar varð hann kennari við skólann auk þess sem hann

stjórnaði Samkór Selfoss í sex ár.

Björgvin var ungur þegar hann fór að semja og útsetja tónlist, mest fyrir kóra, einsöngvara og píanó. Tónlistarferill hans er langur og farsæll og á tónleikunum í Íþróttahúsinu Iðu verða bæði flutt ný og eldri verk. Á tónleikunum verða m.a. frum-

fluttir þrjú kaflar úr nýrri svítu þar sem Björgvin færir æskuminningar sínar frá Selfossi í tóna. Kaflarnir sem verða fluttir heita Æskuminningar við Ölfusá, Í fótbolta á Stjánatúni og Gamli skóðinn hans pabba.

Tónleikarnir hefjast kl. 16:00 og miðasala er á tix.is



## Auglýsing um skipulag

Eftirtaldir skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

### Tengivirki á Völlum - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag á Völlum þar sem staðsett er tengivirki Landsnets við Hveragerði. Efla þarf tengivirkið til að auka afhendingargetu raforku á svæðinu og því er ráðgerð stækkun.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. mars 2026.

### Framkvæmdaleyfi - Rannsóknarborhola við Lágaskarð

OR sækir um framkvæmdaleyfi vegna rannsóknarborholu við Lágaskarð. Holan verður boruð á svæði sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi og er ætlað að kortleggja jarðhitaauðlindina á svæðinu. Boruð verður grennri hola en hefðbundnar vinnsluholur og nýttist ekki sjálfstætt sem vinnsluhola síðar.

Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Sviðsstjóri  
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kærueimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is



Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 26. mars 2026.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með 21.05.2026. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

### Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Gögn vegna framkvæmdaleyfa eru jafnframt aðgengileg í skipulagsgátt og má finna leiðbeiningar um kærur hér að neðan.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



**Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga deiliskipulagsbreytingar.**

### Jórvík 1 - Deiliskipulagsbreyting

Larsen hönnun leggur fram uppfærða tillögu breytinga á deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Jórvíkur I. Markmið með deiliskipulagsbreytingu er að bæta nýtingu fjölbýlishúsaloða með fjölgun íbúða, stækkun á byggingareit, bílastæðum fækkað og hámarks vegg / mænishæð er hækkuð. Breytingar: Á fjölbýlishúsaloðum F2 er bílastæðum fækkað niður í 1 stæði á íbúð og hámarks vegg / mænishæð hækkar úr 8 m upp í 10 m. Á lóðunum Fossvík 1, 3 og 5 eru byggingareitir stækkaðir og íbúðum fjölgað í samræmi. Á lóðinni Nýja Jórvík 13, er íbúðum fjölgað. Að öðru leiti gilda eldri samþykktir skilmálar. Nýja Jórvík 13 fjölgar úr 12 íbúðum í 20. Fossvík 1 fjölgar úr 8 íbúðum í 12. Fossvík 3 fjölgar úr 8 íbúðum í 16. Fossvík 5 fjölgar úr 8 íbúðum í 12. Fjölgun samtals úr 36 íbúðum í 62.

**Samkvæmt 2.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar:**

### Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breyting svæði M10 (Tryggvagata)

Auglýst er niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar frá fundir dags.25.3.2026, vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, eftir athugasemdir í afgreiðslu Skipulagsstofnunar dags. 21.8.2025. Tillagan var tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar 9.7.2025 og í Bæjarráði 10.7.2025. Niðurstaða Bæjarráðs var auglýst í Lögbirtingablaði og Dag-skránni ásamt heimasíðu Árborgar þann 17.7.2025. Skipulagsstofnun gat ekki fallist á að um óverulega breytingu væri að ræða þar sem tillagan gerði ráð fyrir að heildarfjöldi íbúða væri aukinn úr 20-40 í 80 íbúðir. Uppfærð tillaga gerir ráð fyrir að heimild sé fyrir allt að 45 íbúðum í stað 20-40 íbúða.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillaga nr. 1, er í auglýsingu frá 9. apríl 2026, til og með 22. maí 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 22. maí 2026.

**Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.**

Virðingarfyllst,  
Vígús Þór Hróbjartsson  
skipulagsfulltrúi

**TAXI**  
SELFOSSI  
SÍMI 482 3800



**HJÓLA-STÓLABÍLL**

SÍMI 777 5422

## Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.  
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í 897 4693

Bókaðu á **UTIADAKA.IS**

„Með þér alla leið“

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



LAGNIR

**ALHLIÐA  
PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001

Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



**PÚLSINN**

Raf & kæliþjónusta

**Kæli & Frystikerfi**

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**FÁÐU TILBOÐ  
Í PINN PALL**

848 0964 899 0979

GÍSLI

ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



**SÓLPALLUR**

Fagmennska - Gandi - Áreiðanteiki



Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

Far sem  
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424

[bilverkba.is](http://bilverkba.is)



**GB Hús**

NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN  
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979

GÍSLI

ÖRN

[GBHUS@GBHUS.IS](mailto:GBHUS@GBHUS.IS)

**LAGNALAND**

**ÁREIÐANLEGIR  
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi

[lagnaland@lagnaland.is](mailto:lagnaland@lagnaland.is)

LAGNALAND EHF.

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600


[www.heyrn.is](http://www.heyrn.is)

**LÖGGILTUR  
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575

800SMIDI@GMAIL.COM



S: 692-2575

800 SMÍÐI

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



**Lagnir og Lausnir ehf**

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 [lagniroglausnir.is](http://lagniroglausnir.is)



**Stíflupjónusta  
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919

[stifla.selfoss@gmail.com](mailto:stifla.selfoss@gmail.com)

YFIR  
20 ÁRA  
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum  
Myndun lagna  
Rótarskurður o.fl.**

**Lagnapjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**

482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS



**STÍFLULOSANIR**

**LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR**

**SÓNUM ÚT LAGNIR**

**LAGNAFÓÐRUN**

**ROTÞRÆR**


**FITUGILDRUR**

**SANDGILDRUR**

**SKÓLPFREINSISTÖÐVAR**

**HOLRÆSAHREINSUN**

☎ **510 1180 - 669 8441**



**Raflagnir  
Tölvulagnir  
Ljósleiðaralagnir**



**TRS**

Gagnheiði 26, Selfoss  
480 3300 ■ [www.trs.is](http://www.trs.is)

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið  
á netinu!**

[www.vinnuvelaskolinn.is](http://www.vinnuvelaskolinn.is)